

Fundur Mý deildar í Síðuskóla 29. október kl 18.00

Mætar voru, Magnea formaður, Gunnhildur, Erna Rós, Dóróþea, Katrín Fjóra, Bryndís, Dagný, Jóhanna, Guðný, Hrafnhildur, Jóhanna Dögg, Ólöf Inga, Björg, Sigrún Helga, Þuríður og Jónína

Magnea formaður bauð gesti velkomna og þakkar fyrir yndislega stund í Hrísey.

- Kveikt á kertum vináttunnar, trúmennskunnar og hjálpseminnar,

Tilkynningar frá Magneu formanni.

Ein kona er hætt hjá okkur, Jenný Gunnbjörnsdóttir, við þökkum henni fyrir samveruna.

Jólafundurinn verður 28.nóv, í sal á Strikinu. Tekið var tilboði í mat 10 réttir á 5500 kr..

Magnea minnir á landsambandsþingið 10-11 maí 2025 sem verður í Salnum í Kópavogi.

Magnea nefndi alla styrkina sem DKG konur geta sótt um. Eygló í Beta deildinni, veit allt um styrkina og hægt að leita til hennar en allar upplýsingar eru í skjalinu sem Magnea sendi okkur á dögum.

Á framkvæmdafundinum í september, kom fram að Beta deild og Mýdeild ætla að vera með nefnd í gangi sem sér um skipulagningu á einhverju atburði í tilefni afmælisárs DKG á næsta ári, óskað er eftir 2 konum frá Mýdeild í nefndina.

Næst á dagskrá inntaka; Sigríður Gunnarsdóttir var tekin inn í félagsskapinn og var henni afhent næla og rós eftir innvígsluna.

Þá tekur nefndin við

Orð til umhugsunar; þar flutti Guðný okkur pistil um sjálfa sig, þar sem hún veltir lífshlaupi sínu upp, á þeim tímamótum sem hún er á núna, en hún ætlar að hætta að kenna næsta vor eftir 37 ár. Lífið hefur farið nokkuð góðum höndum um hana. Hún missir mömmu sína frekar ung, en það var hún sem stakk upp á því að hún yrði kennari. Hún byrjað að kenna á Borgafirði Eystri veturinn 1982-3. Hún flutti til Dalvíkur 1988 og var umsjónarkennari við Dalvíkurskóla í 27 ár en síðast liðin ár hefur hún kennt upplýsingatækni. Einnig hefur hún kennt útlendingum íslensku hjá Símei. Guðný var alltaf virk í Evrópusamstarfi. Hún elskar starfið sitt, finnst alltaf gaman að koma í vinnuna en mikil framþróun hefur átt sér stað þessi 37 ár sem hún hefur verið starfandi sem kennari. En hún kvíðir því ekki að hætta því áhugamálin eru mörg s.ss ræktun, útivist, kisurnar hennar og bakstur. Hún kláraði leiðsögumannanám nýverið og hlakkar til að starfa meira við það. Mikilvægt er að njóta segir Guðný.

Næst dagskrá var matur. Boðið var upp á salat og brauð, ásamt sætmeti með kaffinu.

Kynning á Réttindaskóla og -frístund Unicef

Síðuskóli og Naustaskóli kynnt vinnu sína í Réttindaskóla og -frístund Unicef.

Sigrún Helga frá Síðuskóla sagði okkur frá innleiðingunni þeirra í Síðuskóla og sýndi okkur myndband þar sem Sigyn Blöndal skólastjóri Réttindaskólans kynnti fyrir okkur, hvað er Réttindaskóli.

Réttindaskóli UNICEF (e. Child Right Schools) er hugmyndafræði og hagnýtt verkefni fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálanum eins og hann er iðulega nefndur og miðar að því að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda. Skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem vinna verkefnið leggja sáttmálann til grundvallar í öllu starfi sínu; skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum. Markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpar börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, ungmenna, kennara, frístundaráðgjafa og annars starfsfólks.

Ákveðin skref þarf að taka, það er ákveðið innleiðingaferli sem þarf að fara eftir og er það eins hjá öllum skólum sem taka þátt. Stofnað er réttindaráð í skólunum og eru börn þar í meirihluta. Gert er stöðumat til að athuga hvort farið sé eftir ferlunum og aðgerðaáætlun til úrbóta. Börnin valdeflast, hafa meiri áhrif og jafnvel möguleika á jafnari tækifærum. Barnasáttmállinn er lagður til grundvallar í öllu skólastarfiðnu (tekið af heimasíðu Réttindaskólans hjá Unicef).

Bryndís skólastjóri Naustaskóla, sagði okkur frá hvernig hefur gengið hjá þeim. Þau héldu vel heppnað barnaþing vorið 2023, 125 nemendur tóku þátt í þinginu. Á bekkjarfundum fyrir þingið voru umræðupunktarnir ákveðnir og 15 þeirra voru ræddir á þinginu. Réttindaráð tók síðan saman niðurstöðurnar og kynnti þær m.a. fyrir skólastjóranum, starfsmannahópnum og meira að segja forsetanum sem var í heimsókn í skólanum um þetta leyti.

Báðir skólarnir eru ánægðir með þessa vinnu, en finnst skýrslugerðin helst til of mikil, sem þau þurfa að skila til Unicef. Allir skólar á Akureyri nema Glerárskóli eru í Réttindaskólar, en hann byrjar innleiðinguna í vor.

Bryndísi og Sigrúnu Helgu þakkað fyrir góða og áhugaverða kynningu.

Maggý minnir á að rauði þráðurinn í starfinu okkar í vetur er vellíðan. En við megum ekki gleyma okkur sjálfun og huga að vellíðan okkur til handa.

Magnea sagði frá Sunnevu sem er með efnasúpuna, sem er til í að koma með fyrirlestur/kynningu fyrir okkur, ef einhver hópurinn hefur áhuga á að fá hana.

Magnea minnir okkur á að hugsa og taka eftir því jákvæða sem er í kringum okkur. Ekki sökkva okkur í leiðindin.

Magnea fékk Dóróþeu til að draga spil og á því stendur:

Hlúðu að þér dýrmæta blóm og lífsneistinn þinn mun snerta við lífi annarra á dýpri hátt en þig grunar.

Magnea slekkur á kertum og þakkar fyrir góðan fund.